- Í fámennum skóla er erfitt að koma til móts við þetta vægi valgreina; valið hjá okkur vill verða einhæft og höfum við reynt ýmsar leiðir til að auka fjölbreytnina, m.a. að bjóða upp á starfsnám sem nemendur velja sér alfarið sjálfir og fer fram utan skólans.
- Í fámennum skólum er mjög erfitt að vera með mikið framboð á valgreinum.

Í janúar 2007 var grunnskólalögum breytt þannig að vali í námi á unglíngastigi var gefið aukið vægi. Í 25 gr. laga um grunnskóla frá 2008 er sambærilegt ákvæði sem kveður á um að val í námi skuli vera allt að þriðjungur námstíma nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Hver er afstaða þín til þessarar breytingar?

Apríl-júní 2011

- Núna í vetur breyttum við fyrirkomulaginu þannig að dregið var úr frjálsum vali og bundið val aukið (þ.e. nemendur gátu valið sér vinnu í námsgreinum, sett sér markmið og unnið eftir þeim með leiðsögn kennara). Þetta fyrirkomulag varð þó til þess að verklegt val varð minna og nú ætlum við að bregðast við því næsta vetur með breytingum, þannig að verklegt val fái aukið vægi.
- Í mörgum tilfellum úti á landi er erfitt að koma fjölbreyttu vali fyrir bæði vegna nemendafjöldans og þeirra sem koma að kennslu. Það skortir fjölbreytni þar sem langt er að sækja góða fagmenn og ekki fjármagn í dag til að greiða fyrir slíkt.
- Jákvæð (nefnt af 5).
- Jákvæð, en spurning er um sveigjanleika fyrir smærri skóla.
- Jákvæð. Nemendur hér hafa hins vegar sóst mjög eftir því að taka framhaldsskólaáfangu í 10. bekk enda meti bæði kennarar og foreldrar að þeir hafi forsendur til þess. Fyrir vikið hefur gefist minna svigrúm fyrir annað val. Það skal þó tekið fram að þeir nemendur sem komnir eru í framhaldsskólaáfangu, t.d. í ensku eru ekki með námsefni á grunnskólastigi í þeirri námsgrein. Reynt er að koma kennslu fyrir innan þeirra marka sem enskunámi var ætlað í 10. bekk. Það hefur þó reynst erfitt á köflum. Við erum því mjög sátt við þessar breytingar.
- Jákvæður fyrir henni en stöðugur niðurskurður fjárhagsheimilda minnkar stórlega möguleika skólans á að auka valgreinakenndu.
- Jákvætt.
- Líkar það nokkuð vel, þó er reyndar oft erfitt að bjóða upp á mikla fjölbreytni í litlum skólum upp í sveit og ræðst það mjög af þeim mannaúð sem við höfum á staðnum.
- Mér fannst þessi breyting jákvæð.
- Mér finnst 25% af heildartíma nægilegt.
- Mér finnst hún eigi rétt á sér þar sem verið er að höfða til áhugasviðs nemenda.
- Mér finnst jákvætt að hafa val í grunnskólum en að það sé allt að þriðjungur námstíma nemenda finnst mér of mikið. Þegar árgangar eru ekki fjölmennur er erfitt að halda úti fjölbreyttu námsframboði.
- Mér finnst mjög jákvætt að val í námi á unglíngastigi skuli hafa verið gefið aukið vægi.
- Mér finnst mjög jákvætt að vægi námsgreina hefur aukist. Val í litlum/fámönnum skólum er frekar erfitt, en ég tel þó að komið hafi verið til móts við þarfir nemenda og farið að þeirra óskum eins og hægt er. Með auknu samstarfi við heimili/foreldra gæti vægið aukist enn.
- Mér finnst valið of mikið og erfitt að verða við því. Í fámennum árgöngum verður valið alltaf stýrt val eðli málsins samkvæmt. Í okkar skóla bjóðum við upp á fjölbreytt val, en á endanum ræður fjöldinn sem velur tiltekna valgrein því hvort hún verði kennd eða ekki. Samkvæmt heimild notum við hluta af valinu í unglíngadeild til að styrkja viss námssvið og hefur það reynst vel.
- Mér finnst það á vissan hátt vera afturför, margir nemendur á þessum aldri hafa ekki þroska til að hugsa til framtíðar og hvað nýttist þeim þar. Ég hef trú á að margir kjósi að komast sem léttast út úr námi og velji það sem minnst þarf að reyna á sig og þar með missi þeir vissa undirstöðu sem er nauðsynleg fyrir meira nám og lífið. Ég er heldur á því að skólinn eigi að laga sig að einstaklingunum og styrkja þá nemendur sem hafa vissa hæfileika í þeim, auka verknám hjá þeim sem það fellur betur og öfugt, einstaklingsnámskrár tel ég að henti betur en meira val.
- Mér finnst þetta allt of mikið. Litlir skólar hafa ekki mannskap til að bjóða upp á svona mikið val. Auk þess skerðist verulega kennsla í bóklegum greinum.
- Mér finnst þetta heldur mikið.
- Mér finnst þetta í lagi.
- Mér finnst þetta of mikið.
- Mér hefur fundist það of mikið að hafa svona marga tíma í val.
- Mín afstaða er sú að það sé til bóta fyrir nemendur að eiga kost á fjölbreyttu vali. Því þarf að gera ráð fyrir við úthlutun fjármagns til skólastarfs. Það er erfitt eins og staðan er í dag að bjóða upp á þá fjölbreytni sem þyrfti að vera innan list- og verkgreinakenndu en reynt er að koma til móts við nemendur og uppfylla ákvæði laga eins og kostur er.
- Mjög góð.
- Mjög hlynntur henni.
- Mjög jákvæð (nefnt af 3).
- Mjög jákvætt að auka val í unglíngadeild.
- Mjög jákvætt að auka vægi vals námsgreina.
- Mjög jákvætt að nemendur geti valið hluta náms ú frá áhugasviði. Skipulagslega er ekki þörf að minnka val nemenda. Samstarf er milli skóla um val.
- Mjög jákvætt að nemendur ráði sér svolítið sjálfir.
- Mjög sammála þessum breytingum.



Í janúar 2007 var grunnskólalögum breytt þannig að vali í námi á unglिंगastigi var gefið aukið vægi. Í 25 gr. laga um grunnskóla frá 2008 er sambærilegt ákvæði sem kveður á um að val í námi skuli vera allt að þriðjungur námstíma nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Hver er afstaða þín til þessarar breytingar?

Apríl-júní 2011

- Möguleiki nemenda til að velja sér námsleiðir hefur tvímælalaust hvetjandi áhrif. Aukið val fjölgar nemendum sem finna sig í skólanum.
- Of mikill tími ef túlka á það þannig að nemendur eigi að hafa sérstakar námsgreinar að velja sér þennan tíma. Ekki framkvæmanlegt af neinu viti nema í stórum unglिंगaskólum þar sem hægt er að hafa marga kennara sem hafa góða menntun á sérviðum. Auk þessara ástæðna hefur mitt sveitarfélag ekki úthlutað það mörgum kennslustundum að hægt sé að hafa valið svo viðtækt.
- Of stórt hlutfall.
- Oft erfitt við þetta að eiga í fámennum skólum.
- Skoðun mín er sú að hér sé gert ráð fyrir meira vali en raunsætt er að ætla að skólar almennt geti útfært með skaplegum hætti. Val ætti að mínu mati ekki að spanna meira en u.þ.b. fimmtung námstímans.
- Sú breyting er af hinu góða, hins vegar eru ákvæðin erfiðleikar í fámennum skólum að fá nægjanlega margar kennslustundir til þess að geta boðið upp á fjölbreytt val.
- Sökum niðurskurðar hefur því miður ekki verið hægt að verða við þessu.
- Tel að það geti verið jákvætt þar sem framboð er gott en oft er erfitt að koma á mótis við valgreinar í litlum skólum. Við höfum reynt að auka framboð valgreina með því að bjóða nemendum í 8.-10. bekk upp á smíðjuhelgar tvisvar á skólaárinu þar sem nemendur velja sig inn í smíðjur og er þá boðið upp á mjög fjölbreytta og skemmtilega vinnu. Mjög athyglivert og skilar skemmtilegri tilbreytni í skólalastarfið.
- Tel hana til bóta. Jákvætt að nemendur hafi aukið val í efstu bekkjum grunnskóla. Undirbýr þau betur undir það sem koma skal, framhaldsskólann. Mínusinn er að val, sérstaklega verklegt, kostar meira fyrir sveitarfélagið, sveitarfélögin eru í vandræðum og hvað gerist þá?
- Tel hlutfall valgreina full hátt. Verklegar greinar og listgreinar eru kenndar í minni hópum og auk þess er meiri efniskostnaður tengdur við þessar greinar. Með skertu fjármagni þrengir að þessum greinum.
- Tel þessar kennslustundir vera of margar.
- Undirritaður er mjög jákvæður gagnvart þessari breytingu.
- Í kjölfar minnkandi fjármagns til kennslu þá kemur það niður á valgreinum og erfitt að nálgast þetta hlutfall af einhverju viti.
- Val á unglिंगastigi má ekki verða of mikið því kröfur varðandi kjarnagreinar á borð við íslensku, stærðfræði og náttúrufræði hafa aukist.
- Vantar aukið fjármagn.
- Við höfum ekki tekið inn val í 8. bekk vegna aðstæðna í skólanum, að öðru leyti er mjög fjölbreytt val við skólann.
- Við höfum farið eftir þessu en samstarf er milli skóla um val. Mikil vinna hefur farið í þetta en skilað góðu. Stundaskrágerð er erfið og ég gréti það ekki þó valið væri minnkað af þeim sökum. Hins vegar er þetta mikla val gott fyrir nemendur en á móti eru færri tímar í grunngreinum eins og íslensku og stærðfræði og mættu íslenskutímarnir vera fleiri.
- Væntanlega er hér verið að tala um 26. gr. þar sem sagt er að „Í 8., 9., og 10. bekk skulu nemendur eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjungi námstímans“. Ég er á þeirri skoðun að hér eigi að gefa skólum meira frelsi og segja frekar : „allt að þriðjungi námstímans“.
- Það er að sjálfsögðu jákvætt að geta aukið valfrelsi unglinga í námi og þá ekki síst að auka framboð á verklegum námsgreinum. Hins vegar er það svo að í tiltölulega fámennum skólum er fjárhagslegt svigrúm ákaflega takmarkað til að slíkt geti átt sér stað. T.d. er ekki hægt að koma til mótis við námshóp með mikið færri en 12 nemendum sökum kostnaðar.
- Það er afar áhugavert fyrir nemandann, en skapar smærri skólum mikil vandkvæði þar sem erfitt er að mæta þórfum nemenda með val þegar hópar eru mjög fámennir. Þannig getur orðið mun dýrara að uppfylla þessi skilyrði.
- Það er erfitt að auka framboð valgreina í litlum skólum og dýrt að skipta fámennum hópi í margar valgreinar. Mér finnst gott mál að auka valstundir ef fjármagn er tryggt til framkvæmdarinnar.
- Það er erfitt að halda úti fjölbreyttu vali þegar unglिंगadeildin er lítil. Hins vegar er mjög ánægjulegt að vægi valsins hafi aukist þar sem nemendum finnst þeir hafa meira um námið sitt að segja. Hins vegar eru þeir ekki alltaf sáttir við valið sem er í boði í skólanum.
- Það er erfitt að hrinda henni í framkvæmd til dæmis vegna kostnaðar sem fylgir.
- Það er góð stefna að hafa val fyrir unglिंगastig en það má ekki verða of viðamikil. Hér höfum við lagt áherslu á verk og listgreinar og það hefur að sjálfsögðu aukinn kostnað í för með sér því það þurfa að vera minni hópar. Ég tel að vægi valgreina geti ekki orðið meira en það er í dag hjá mínum skóla. Að fara með fjölda valgreina í 12 stundir á viku er bara allt of erfitt. Bæði fyrir nemendur að velja (þau eiga nóg með þetta sem er í dag) og fyrir skólann að gera stundaskrár þannig að skólatími barnanna verði samfelldur.
- Það er mjög erfitt að bjóða upp á fjölbreytt val í fámennum skólum.
- Það er mjög erfitt að ná því að halda úti 1/3 námstímans í valgreinum. Þetta eru rúmlega 12 tímar á viku en slíkur tímafjöldi myndi koma í veg fyrir að skólinn gæti farið að kröfum námskrár í grunngreinum.
- Það er mjög erfitt í framkvæmd. Við reynum að mæta óskum nemenda innan þess ramma sem geta kennara okkar leyfir.
- Það er mjög jákvætt að mörgu leyti en erfitt að uppfylla það þegar um fámennari skóla er að ræða. Niðurskurður í fjármálum setur einnig strik í reikninginn varðand framboð á valgreinum.
- Það fer dálítið eftir því hvaða valgreinar er um að ræða.

Í janúar 2007 var grunnskólalögum breytt þannig að vali í námi á unglिंगastigi var gefið aukid vægi. Í 25 gr. laga um grunnskóla frá 2008 er sambærilegt ákvæði sem kveður á um að val í námi skuli vera allt að þriðjungur námstíma nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Hver er afstaða þín til þessarar breytingar?

Apríl-júní 2011

- Það getur verið erfitt fyrir litla skóla að verða við svo miklu vali þar sem aðstæður eru þannig að ekki er hægt að bjóða upp á eins mikið val í litlum skólum og stórum. Ég hef ekki náð að bjóða upp á þriðjung tímans í val en valgreinum hefur þó fjölgað eitthvað þó tímafjöldinn standi í stað.
- Það getur verið erfitt fyrir litla, eða smærri skóla að standa undir þessu. Í raun set ég spurningamerki við að ákvæði um val sé bundið í lög. Frekar ætti þetta að vera leiðbeinandi stundir eða hlutfall.
- Þar sem skólinn er lítil og nemendur fáir gerum við könnun á vilja nemenda og foreldra og mest af vali fer inn á stundaskrá bekkjarins. Svigrúm til fjölbreyttari kennslu og fleiri valgreina er af því góða.
- Þetta er afskaplega þarft og ég get tekið undir þetta heilshugar. Hins vegar verður að taka tillit til þess að ekki eru allir grunnskólar landsins eins. Fámennir skólar geta ekki boðið upp á val sem þessu nemur. Alla vegna ekki nema til að stýra nemendum í ákveðið val en það er ekki val ef stýring á sér stað.
- Þetta er áhugaverð hugmynd en okkur hefur reynst erfitt að hrinda henni í framkvæmd þar sem unglिंगadeildin okkar er fremur lítil. Við höfum þó aukid vægi þemavinnu í náminu og þar geta nemendur valið talsvert um viðfangsefni og vinnubrögð.
- Þetta er ekki raunhæf staða þar sem fjármagn fæst ekki til að mæta auknu vægi valgreina. Hins vegar finnst mér breytingin æskileg ef hægt væri að framfylgja henni.
- Þetta er góð breyting en ekki hefur mikið reynt á hana vegna samdráttar.
- Þetta er mjög jákvætt, við fögnuðum þessu.
- Þetta er mjög lítil skóli, og erfitt að hafa valið nema bundið. Reynt er að haga því sem mest sem hægt er að koma til móts við áhugasvið nemenda. Næsta vetur stendur til að vera í samstarfi við annan grunnskóla. Þetta eykur mögluleika okkar í fámenninu.
- Þetta eru jákvæðar breytingar og í takt við að nemendur taki aukna ábyrgð á eigin námi í takt við aldur og þroska. Einnig er aukid val þáttur í því að nemendur læri að meta eigin styrkleika og áhugasvið.
- Þriðjungur af vali er of mikið. Ég fagna mjög að í drögum að nýrri aðalnámskrá skuli valið vera komið í um 20%. Engu að síður er það mikið og töluvert verkefni fyrir skólana að koma þessu heim og saman. Í mínum skóla er t.d. umsjónartími einu sinni í viku og ég tel hann mjög nauðsynlegan en hann er þá tekinn af vali.
- Þriðjungur námstíma er líklega nokkuð mikið.
- Því meira val því betra.
- Öll hugmyndafræði í kringum valgreinar er góð en raunveruleikinn er því miður ekki alltaf eins fagur. Það er erfitt að gera öllum til hægis í vali og ábatinn sem á að verða af valinu skv. hugmyndafræðinni nær því miður illa að dekkja kostnaðinn en þetta eru yfirleitt dýrustu tímarnir í kennslu vegna fámennra hópa og efniskostnaðar. Krakkarnir sem eru í fullu vali eru mikið í skólanum sem getur kallað fram þreytu og neikvæðni gagnvart valinu (oftast síðustu tímarnir á daginn vegna flókinnar töflugurðar) og þess vegna eru foreldrar oft mjög bakklát fyrir að geta fengið val utan skóla (íþróttir og tónlistarnám) metið. Krakkanir hafa tilhneigingu til að velja það sem er „létt og skemmtilegt“ í stað þess sem er krefjandi og stundum vilja þau fá að fara aftur og aftur í sömu áfangana. Þá vakna spurningar hvort það eigi að binda valið með einhverjum skilyrðum eða ekki og hvenær val er orðið „val“. Eftir að 8. bekkur fór að fá val er orðið erfitt fyrir fámennar unglिंगadeildir að bjóða upp á fjölbreytt val sem dugar fyrir öll árin í unglिंगadeildinni og hætt við að á síðasta ári í 10. bekk verði einhver orðinn þreyttur að sjá sömu áfangana aftur. Með meira fjármagni og sveigjanleika í rekstrinum væri þó hægt að vinna á flestum þessum vandamálum en eins og staðan er í dag er þetta erfiður rekstur sem kemur meðal annars fram í því að ekki er hægt að manna stórt hlutfall af forfallatímum í unglिंगadeildinni.

11 svarendur tóku ekki afstöðu.

Vinsamlegast merkið við þær valgreinar sem kenndar eru við skólann í hverjum árgangi. -  
 Það sem nefnt var í „Annað“.

Apríl-júní 2011

- 103 áfangar í fjölbrautarskóla.
- Aðstoð í bóklegum greinum.
- Aðstoð í frístundaseli.
- Aðstoð í leikskóla (nefnt af 3).
- Alfræði (nefnt af 2).
- Alfræði og almenn þekking.
- Allir í strætó.
- Auglýsingasálfræði.
- Aukið nám að vali nemanda.
- Áhugasvið.
- Áhugasviðsval.
- Árhátíðarundirbúningur.
- Bardagalist.
- Bítlarnir.
- Blaðamennska.
- Bókfærsla (nefnt af 2).
- Bókmenntir og kvikmyndir.
- Danska á framhaldsskólastigi.
- Eðlis- og efnafræði/tilraunir.
- Eðlisfræði.
- Efnafræði.
- Endurhönnun
- Endurnýting.
- E-twinning.
- Evrópuv, um almenna hreyfingu (comenius).
- FabLab.
- Ferðalangur.
- Fingrasetning.
- Fjármálafræðsla.
- Fjármál, bókfærsla.
- Fjármálafræði.
- Fluguhnytingar (nefnt af 2).
- Forritun.
- Forvarnir/kynfræðsla.
- Framhaldsskólaáfangar.
- Framkoma og ræðumennska.
- Franska.
- Goðafræði (nefnt af 2).
- GPS hnitsetning - námskeiðsform.
- Graffiti.
- Grafík.
- Heilsuefning.
- Heilsusmiðja.
- Hestamennska (nefnt af 2).
- Hjólreiðar.
- Horfinn heimur.
- Hraðlestur (nefnt af 3).
- Hrossarækt/hestamennska.
- Hugur og heilsa.
- Hvað ætlar þú að verða?
- Lönnám í framhaldsskóla.
- Íslenska - upprifjun (nefnt af 2).
- Íslenska 103.
- Íslenskar glæpasögur.
- Íslenskugrunnur (nefnt af 2).
- Íþróttfræði.
- Jarð- stjómfræði.
- Jarðfræði (nefnt af 2).
- Kvikmyndagagnrýni.
- Land- og jarðfræði.
- Leiðtogafræðsla.
- Leiðtoginn, - spurninga- og ræðulið.
- Leiklist.
- Leikur í starfi
- Lestur og lesskilningur.
- Lestur.
- Linux (nefnt af 2)
- Listasaga.
- Lífið og tilveran (nefnt af 2).
- Lífsleikni.
- Lífstíll.
- Líkamsrækt og heilsa.
- Lögræði.
- Mannkynssaga.
- Margskonar styttri valáfangar.
- Marimba (afísk hljóðfæri).
- Mál og samfélag.
- Myndasögur.
- Námsliði.
- Náttúran og nýting hennar.
- Náttúrufræði (nefnt af 2).
- Nýsköpun, lego smiðja.
- Nýsköpun.
- Rannsóknarvinna /rannsóknarbraut.
- Ræðumennska (nefnt af 2).
- Rökfræði.
- Safnafræðsla.
- Sjálfsmennska.
- Sjómennska og siglingar.
- Sjóvinna.
- Skapandi hugsun.
- Skógarval (nefnt af 2).
- Skólaval.
- Skólavini (nefnt af 2).
- Skyndihjálp (nefnt af 2).
- Slökun og hamingja.
- Slökun.
- Spennusögur.
- Spil og leikjaval.
- Stjómfræði (nefnt af 2).
- Svona er ég.
- Sælgætisgerð-smiðja.
- Sænska.
- Táknmál.
- Tjáning.
- Tríó - lýðheilsufræði.
- Tungumálanám.
- Tækni stjómun.
- Tækniteiknun
- Tölvur - ritvinnsla.
- Undanþága
- Upplýsingatæknimennt.
- Út um borg og bæ.
- Útiskóli o.fl.
- Val í framhaldsskóla.
- Valgreinar utan skóla.
- Veðurfræði
- Veðurfræði / jarðfræði.
- Veggjakrot.
- Veiðival - um villt dýr og veiðar á Héra.
- Verkefni að eigin vali.
- Viðskiptafræði.
- Þjóðsögur.
- Þjónusta í félagsstarfi.
- Þrívíddarteikning.

- Akurskóli
- Auðarskóli
- Austurbæjarskóli
- Álfhólsskóli
- Álfamýrarskóli
- Álfannesskóli
- Árbæjarskóli
- Árskóli
- Áslandsskóli
- Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri
- Blönduskóli
- Borgarhólsskóli
- Borgaskóli
- Breiðholtsskóli
- Brekkubæjarskóli
- Brekkuskóli
- Brúarásskóli
- Egilsstaðaskóli
- Engjaskóli
- Fellaskóli, Fellahreppi
- Fellaskóli, Reykjavík
- Flóaskóli
- Flúðaskóli
- Foldaskóli
- Garðaskóli
- Gerðaskóli
- Giljaskóli
- Glerárskóli
- Grunnskóli Borgarfjarðar eystri
- Grenivíkurskóli
- Grímseyjarskóli
- Grundaskóli
- Grunnskóli Bláskógabyggðar
- Grunnskóli Bolungarvíkur
- Grunnskóli Borgarfjarðar
- Grunnskóli Dalvíkurbyggðar
- Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar
- Grunnskóli Fjallabyggðar
- Grunnskóli Grindavíkur
- Grunnskóli Grundarfjarðar
- Grunnskóli Hornafjarðar
- Grunnskóli Húnaþings vestra
- Grunnskóli Reyðarfjarðar
- Grunnskóli Seltjarnarness
- Grunnskóli Snæfellsbæjar
- Grunnskóli Vestmannaeyja
- Grunnskóli Vesturbyggðar
- Grunnskóli Öndarfjarðar
- Grunnskólinn austan vatna
- Grunnskólinn á Drangnesi
- Grunnskólinn á Eskifirði
- Grunnskólinn á Hólmavík
- Grunnskólinn á Ísafirði
- Grunnskólinn á Rauфарhöfn
- Grunnskólinn á Stöðvarfirði
- Grunnskólinn á Suðureyri
- Grunnskólinn á Tálknafirði
- Grunnskólinn á Þingeyri
- Grunnskólinn á Þórshöfn
- Grunnskólinn Djúpavogi
- Grunnskólinn Hellu
- Grunnskólinn í Borgarnesi
- Grunnskólinn í Breiðdalshreppi
- Grunnskólinn í Hveragerði
- Grunnskólinn í Sandgerði
- Grunnskólinn í Stykkishólmi
- Grunnskólinn í Þorlákshöfn
- Grunnskólinn Ljósaborg
- Hafalækjarskóli
- Hagaskóli
- Hallormsstaðaskóli
- Hamraskóli
- Háteigsskóli
- Heiðarskóli, Leirársveit
- Heiðarskóli, Reykjanesbæ
- Hlíðaskóli
- Holtaskóli
- Hólabrekkuskóli
- Hrafnagilsskóli
- Hraunvallaskóli
- Hríseyjarskóli
- Húnavallaskóli
- Húsaskóli
- Hvaleyrarskóli
- Hvassaleitisskóli
- Hvolsskóli
- Höfðaskóli
- Hörduvallaskóli
- Ingunnarskóli
- Kársnesskóli
- Kirkjubæjarskóli
- Klébergsskóli
- Kópavogsskóli
- Landakotsskóli
- Langholtsskóli
- Laugalandsskóli
- Laugalækjarskóli
- Laugargerðisskóli
- Lágafellsskóli
- Lindaskóli
- Litlulaugaskóli
- Lundarskóli
- Lækjarskóli
- Myllubakkaskóli
- Naustaskóli
- Nesskóli
- Njarðvíkurskóli
- Norðlingaskóli
- Oddeyrarskóli
- Reykhólaskóli
- Reykjahlíðarskóli
- Réttarholtsskóli
- Rimaskóli
- Salaskóli
- Seljaskóli
- Setbergsskóli
- Seyðisfjarðarskóli
- Síðuskóli
- Sjólandsskóli
- Smáraskóli
- Snælandsskóli
- Stórutjarnaskóli
- Stóru-Vogaskóli
- Suðurlíðarskóli
- Sunnulækjarskóli
- Súðavíkurskóli
- Svalbarðsskóli
- Sæmundarskóli
- Tjarnarskóli
- Vallaskóli
- Valsárskóli
- Varmahlíðarskóli
- Varmalandsskóli
- Varmáskóli
- Vatnsendaskóli
- Víðistaðaskóli
- Víkurskóli
- Víkurskóli, Vík Myrdal
- Vogaskóli
- Vopnafjarðarskóli
- Waldorfskólinn í Lækjarbotnum
- Waldorfskólinn Sólstafr
- Pelamerkurskóli
- Ölduselsskóli
- Öldutúnsskóli
- Öxarfjarðarskóli

Svör	Fjöldi	Hlutfall %	Vikmörk +/-
Mjög miklu máli (5)	217	27,6	3,1
Frekar miklu máli (4)	356	45,3	3,5
Hvorki né (3)	133	16,9	2,6
Frekar litlu máli (2)	61	7,8	1,9
Mjög litlu máli (1)	19	2,4	1,1
Miklu máli		72,9	3,1
Hvorki né		16,9	2,6
Litlu máli		10,2	2,1
Fjöldi svara	786	100,0	
Tóku afstöðu	786	99,0	
Tóku ekki afstöðu	8	1,0	
Fjöldi svarenda	794	100,0	
<b>Meðaltal</b>		3,9	
Vikmörk ±		0,1	

**Meðaltal** er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög miklu máli (fj. x 5) + frekar miklu máli (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar litlu máli (fj. x 2) + mjög litlu máli (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Meðaltalið tekur gildi á kvarðanum 1 til 5.


**Staðalfrávik** er algengur mælikvarði á dreifingu svara í kringum meðaltal. Það segir til um hversu lík eða ólík svör þátttakenda við spurningu eru. Hátt staðalfrávik ber að túlka þannig að svör þátttakenda séu ólík en lágt staðalfrávik þannig að svörin séu lík.

## Töflur

Niðurstöður fyrir hverja spurningu eru settar fram í töflum og myndum. Hver spurning er efst á hverri blaðsíðu og nafnið á því sem hún á að mæla er sett fyrir ofan hverja töflu. Í töflunni er hægt að sjá svörþáttakenda og hve margir þeirra tóku ekki afstöðu til þessarar spurningar eða voru ekki spurðir. Í töflunni hér til hliðar má sjá að rétt tæp 28% þátttakenda telja það sem spurt var um skipta mjög miklu máli og ríflega 45% frekar miklu. Ef teknir eru saman þeir sem segja þetta skipta „frekar miklu“ og „mjög miklu“ þá gefur það naumlega 73%.

## Vikmörk

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað vikmörk eru. Vikmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir tölur nema ef vikmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn lægi innan þessara vikmarka ef allir í þýðinu væru spurðir. Dæmi: segja má með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) þeirra sagt að þetta skipti mjög miklu máli. Í framhaldi af þessu er hægt að bera saman svarmöguleikana. Ef vikmörkin skarast ekki er munur á þeim marktækur. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar teldu það sem spurt var um skipta frekar miklu máli en mjög miklu máli.



## Myndir

Í myndum er reynt að draga saman helstu niðurstöður þannig að auðvelt sé fyrir lesandann að átta sig á hvað sé markverðast hverjusinni. Ennfremur er oft gerð greining á hverri spurningu eftir öðrum greiningarbreytum í könnuninni. Má þar nefna kyn, aldur, búsetu, menntun og aðrar spurningar í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést að ekki er munur á meðaltölum eftir kyni en hins vegar er munur eftir aldri þátttakenda. Hér skiptir það sem spurt var um þá sem eldri eru meira máli en þá sem yngri eru.

## Greiningar

	Fjöldi	Mjög miklu	Frekar miklu	Í meðal-lagi	Frekar litlu	Mjög litlu	Meðaltal
<b>Kyn</b>							
Karlar	396	28,8%	43,7%	17,2%	7,1%	3,3%	3,9
Konur	390	26,4%	46,9%	16,7%	8,5%	1,5%	3,9
<b>Aldur *</b>							
16-24 ára	166	22,1%	44,8%	16,3%	12,8%	4,0%	3,7
25-34 ára	159	22,6%	42,8%	16,4%	13,8%	4,4%	3,7
35-44 ára	164	25,0%	42,1%	24,4%	7,3%	1,2%	3,8
45-54 ára	136	30,1%	47,8%	15,4%	5,1%	1,5%	4,0
55-75 ára	161	32,3%	48,4%	11,8%	4,3%	3,1%	4,0

\* Marktækur munur á meðaltölum hópa

## Marktekt

Algengur misskilningur er að ef niðurstaða tölfraeðiprófs er ekki tölfraeðilega marktæk þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er rangt, því eina merking tölfraeðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að alhæfa mun í úrtaki yfir á þýði.

Við úrvinnslu á niðurstöðum eru alla jafna notuð tölfraeðipróf sem greina hvort munur á tilteknum hópum sé tölfraeðilega marktækur eða ekki. Í flestum tilfellum er einhver munur á öllum hópnum sem athugaðir eru. Þar sem einungis er verið að vinna með úrtök eru marktæktarpróf notuð til að meta hvort hægt sé að staðhæfa hvort einhver munur sé einnig í því þýði sem úrtakið var dregið úr (dæmi um þýði: Allir Íslendingar á aldrinum 18-69 ára). Ef niðurstaða er ekki tölfraeðilega marktæk er ekki hægt að staðhæfa að einhver munur sé á tilteknum hópum í þýði þrátt fyrir að munur sé á þeim í úrtakinu. Ef niðurstaða er tölfraeðilega marktæk má álykta sem svo að munur sé á þessum hópum í þýðinu.

## MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### SPURNINGALISTI V/KÖNNUNAR Á FRAMBOÐI VALGREINA Í GRUNNSKÓLUM

Kynning í tölvupósti til þátttakenda:

Kæri skólastjóri,

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur farið þess á leit við Capacent Gallup að gera könnun meðal skólastjóra í grunnskólum á framboði valgreina á unglíngastigi.

Markmiðið með könnuninni er m.a. að afla upplýsinga um framboð og framkvæmd kennslu í valgreinum skólaárið 2010-2011, um menntun valgreinakennara og afstöðu skólastjórnenda til umfangs valgreina.

Könnunin er hluti af lögboðnu eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 4. og 38 gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Þar af leiðandi er lögð rík áhersla á að allir skólastjórar gefi sér tíma til að svara en gera má ráð fyrir að það taki á bilinu 10-15 mínútur að svara könnuninni.

Niðurstöður könnunarinnar verða teknar saman og settar fram í skýrslu en að auki fær mennta- og menningarmálaráðuneytið gagnaskrá þar sem hægt verður að rekja svör til einstakra skóla.

Biðjum við þig vinsamlegast að svara könnuninni við allra fyrsta tækifæri, en það gerir þú með því að smella á slóðina sem er hér fyrir neðan.

[LINKUR]

Hafir þú einhverjar spurningar eða athugasemdir við framkvæmd könnunarinnar geturðu haft samband við Vilborgu Helgu Harðardóttur hjá Capacent Gallup ([vilborg.hardardottir@capacent.is](mailto:vilborg.hardardottir@capacent.is)).

---

Athugaðu að spurt er um skólaárið 2010-2011.

Vinsamlegast svaraðu spurningunum með þetta í huga.

sp1) {Svarendur: Allir – eitt svar}

**Fyrir hvaða skóla svarar þú þessari könnun?**

Nafn skóla: (skráð)

sp2) {Svarendur: Allir – eitt svar fyrir hvern árgang}

**Hversu margir nemendur eru í hverjum eftirtalinna árganga í skólanum?**

Fjöldi í 8. bekk: (skrá fjölda)

Fjöldi í 9. bekk: (skrá fjölda)

Fjöldi í 10. bekk: (skrá fjölda)

sp3) {Svarendur: Allir – fjölsvar}

**Vinsamlegast merkið við þær valgreinar sem kenndar eru við skólann í hverjum árgangi.**

**Gerid einnig grein fyrir því hvort valgreinakennarar eru með réttindi til kennslu á skólastiginu eða leiðbeinendur.**

**Dæmi: Ef réttindakennari kennir dönsku í 8. og 9. bekk en leiðbeinandi í 10. bekk merkir þú við alla árganga (8., 9., og 10. bekk) og bæði við réttindakennara og leiðbeinanda:**

Skólaárið 2010-2011					
Námssgreinar og námssvið	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Réttindakennari	Leiðbeinandi
Danska	x	x	x	x	x

Standi danska hins vegar aðeins til boða í 8. og 9. bekk og réttindakennari kennir báðum árgöngum merkir þú við árgangana tvo (8. og 9. bekk) og aðeins við réttindakennara:

Skólaárið 2010-2011					
Námssgreinar og námssvið	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Réttindakennari	Leiðbeinandi
Danska	x	x		x	

Skólaárið 2010-2011					
Námssgreinar og námssvið	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Réttindakennari	Leiðbeinandi
Danska					
Dans					
Enska					
Heimilisfræði					
Hönnun og smíði					
Íslenska					
Íþróttir og sund (skólahreysti, fótboltaval o.s.frv.)					
Kristin fræði					
Jafnréttismál					
Leikræn tjáning (leiklist o.s.frv.)					
Lífsleikni					
Myndmennt					
Náttúrugreinar					
Nám í móðurmáli nemenda, þ.e. ef annað en enska eða Norðurlandamál					
Norska					
Nýsköpun og hagnýting þekkingar					
Samfélagsgreinar					
Sænska					
Textílmennt					
Tónmennt					
Upplýsinga- og tæknimennt					

sp4) {Svarendur: Allir}

**Hvaða aðrar valgreinar eru kenndar á unglíngastigi við skólann?**

**Vinsamlegast merktu við árgang sem greinin er kennd í og hvort þeir sem kenna viðkomandi grein eru réttindakennarar eða leiðbeinendur**

Valgrein	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Réttindakennari	Leiðbeinandi
Valgrein skráð (opið)					

Engar aðrar valgreinar eru kenndar við skólann

sp5) {Svarendur: Allir – eitt svar}

**Vinsamlegast tilgreindu heildarfjölda mínútna á viku sem nemandi fær í valgreinum, skipt eftir árgangi.**

	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Valgreinar - mínútur á viku skólaárið 2010-2011			

sp6) {Svarendur: Allir – fjölsvar}

**Hverjir koma að ákvörðunum um framboð valgreina?**

- Skólastjóri
- Kennarar
- Skólaráð
- Nemendur
- Foreldrar
- Sveitarfélag/skólanefnd
- Aðrir – hverjir? (skrá svar)

sp7) {Svarendur: Allir – fjölsvar}

**Er samstarf við aðra skóla um framboð valgreina og kennslu í þeim?**

- Já, við grunnskóla
- Já, við framhaldsskóla
- Já, við aðra skóla – hvaða skóla? (skrá svar)
- Nei, ekki er samstarf við neina aðra skóla um framboð og kennslu í valgreinum.

sp8) {Svarendur: Allir – eitt svar}

**Er nám á framhaldsskólastigi sem nemendur stunda utan skólans metið sem valgrein?**

- Já
- Nei

sp9) {Svarendur: Þeir sem segja nám á framhaldsskólastigi metið sem valgrein í sp8 }

**Hvaða nám á framhaldsskólastigi er metið sem valgrein?**

**Vinsamlegast merktu einnig við hvaða árgangi stendur námið til boða**

Nám á framhaldsskólastigi	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Skrá (opið)			



sp10) {Svarendur: Þeir sem merkja við „Nám í móðurmáli nemenda í sp. 3“ - fjölsvar}

**Vinsamlegast merktu við hvaða móðurmál nemenda, önnur en enska og Norðurlandamál, eru metin sem valgreinar á unglíngastigi.**

**Tilgreindu hvort tungumálin eru kennd á vegum skólans eða nemendur sækja kennslu í þeim utan skólans á eigin vegum og á eigin kostnað.**

Tungumál	Kennt á vegum skólans (staðnám eða fjarnám)	Nemandi sækir kennslu utan skólans á eigin kostnað	Stendur ekki til boða	Nemendur hafa ekki lagt fram beiðni um að tungumál verði metið sem valgrein
Finnska				
Franska				
Hollenska				
Ítalska				
Kínverska				
Lettneska				
Litháenska				
Pólska				
Serbókróatíska				
Spænska				
Tékkneska				
Pýska				
Annað tungumál – hvaða? (skrá)				
Annað tungumál – hvaða? (skrá)				
Annað tungumál – hvaða? (skrá)				

sp11) {Svarendur: Allir – eitt svar}

**Er eitthvað annað nám sem nemendur stunda utan skólans metið sem valgrein á unglíngastigi með vísun í 15. gr. og 26. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008?**

- Já  
 Nei

sp12) {Svarendur: Þeir sem segja annað nám utan skóla metið sem valgrein í sp11}

**Hvaða annað nám utan skóla er metið sem valgrein?**

**Vinsamlegast skráðu fjölda nemenda í hverjum árgangi eftir því sem við á.**

Nám utan skóla	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Skrá (opið)			

sp13) {Svarendur: Allir – eitt svar}

**Metur skólinn launaða vinnu sem valgrein á unglíngastigi?**

- Já
- Nei

sp14) {Svarendur: Peir sem segja launaða vinnu metna sem valgrein í sp13 – eitt svar}

**Hversu margir nemendur fá launaða vinnu metna sem valgrein á skólaárinu 2010-2011?**

- Skrá fjölda nemenda: \_\_\_\_\_

sp15) {Svarendur: Peir sem segja launaða vinnu metna sem valgrein í sp13}

**Vinsamlegast gefðu dæmi um launaða vinnu sem er metin sem valgrein**

- Opin spurning – skrá svar

sp16) {Svarendur: Allir – eitt svar}

**Hefur framboð valgreina á unglíngastigi í skólanum aukist, haldist óbreytt eða minnkað eftir gildistöku grunnskólalaga nr. 91/2008?**

- Aukist umtalsvert
- Aukist nokkuð
- Haldist óbreytt
- Minnkað nokkuð
- Minnkað umtalsvert

sp17) {Svarendur: Allir – eitt svar}

**Í janúar 2007 var grunnskólalögum breytt þannig að vali í námi á unglíngastigi var gefið aukið vægi. Í 25 gr. laga um grunnskóla frá 2008 er sambærilegt ákvæði sem kveður á um að val í námi skuli vera allt að þriðjungur námstíma nemenda í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla.**

**Hver er afstaða þín til þessarar breytingar?**

- Opin spurning – skrá svar

**Þá er þessu lokið. Kærar þakkir.**